

Nr. 7/2004
4. mars 2004

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok febrúar 2004

Í meðfylgjandi yfirliti er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok febrúar 2004 og til samanburðar í lok janúar 2004 og í lok desember 2003.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst í febrúar um 0,9 milljarða króna og nam 57,3 milljörðum króna í lok mánaðarins (jafnvirði 822 milljóna Bandaríkjadala á gengi í mánaðarlok).

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,4 milljarða króna í febrúar í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína sem m.a var greint frá í nóvemberhefti *Peningamála* 2003.

Gengi íslensku krónunnar veiktist um 0,3% í febrúar.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 5,1 milljarð króna í febrúar og námu 36,9 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir hækkuðu um 2,8 milljarða króna og námu 7,5 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,9 milljörðum króna í febrúarlok miðað við markaðsverð. Þar af námu markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs 0,7 milljörðum króna.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana lækkuðu um 1 milljarð króna í febrúar og námu 29 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans lækkaði í febrúar um 1,4 milljarða króna og nam 31 milljarði króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 29. febrúar 2004

	STADA	STADA	STADA	HREYFINGAR	2004
M.KR.	31.12.03	31.01.04	29.02.04	Á árinu	Í febrúar
EIGNIR:	87.307,0	104.166,4	102.674,7	15.367,6	-1.491,7
Erlendar eignir:	58.274,1	56.567,9	57.429,2	-844,9	861,3
a. Gull	1.873,2	1.757,4	1.751,7	-121,5	-5,7
b. Sérstök dráttarréttindi IMF	3,5	3,4	1,6	-1,8	-1,8
c. Gjaldeyrisstaða við IMF	1.962,8	1.916,3	1.915,0	-47,8	-1,4
d. Erlendir bankar	22.739,6	20.132,6	18.624,9	-4.114,8	-1.507,7
e. Erlend verðbréf og ríkisvixlar	31.529,2	32.596,0	34.973,7	3.444,6	2.377,7
f. Erlendar eignir utan forða	165,9	162,2	162,4	-3,5	0,2
Innlánsstofnanir:	24.038,2	42.011,0	36.866,5	12.828,3	-5.144,4
a. Endurhverfir samningar	24.038,2	35.063,0	29.521,7	5.483,5	-5.541,2
b. Daglán	0,0	0,0	376,8	376,8	376,8
c. Aðrar kröfur	0,0	6.948,0	6.968,0	6.968,0	20,0
Aðrar fjármálastofnanir:	4.192,6	4.758,4	7.539,9	3.347,2	2.781,5
a. Markaðsskráð verðbréf	3.223,2	3.068,1	3.207,3	-16,0	139,2
b. Endurhverfir samningar	969,4	1.690,3	4.332,6	3.363,2	2.642,4
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	715,5	717,2	719,8	4,3	2,6
a. Markaðsskráð spariskirteini	715,5	717,2	719,8	4,3	2,6
Aðrar eignir	86,5	112,0	119,3	32,7	7,2

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:	87.307,0	104.166,4	102.674,7	15.367,6	-1.491,7
Erlendar skuldir til skamms tíma	123,6	115,3	116,2	-7,4	0,9
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.734,7	1.693,7	1.690,9	-43,8	-2,8
Seðlar og mynt	10.583,5	9.858,2	9.928,8	-654,6	70,7
Innlánsstofnanir:	11.116,9	22.554,6	21.133,7	10.016,8	-1.420,9
a. Innstæður	6.615,7	14.569,9	12.926,7	6.311,0	-1.643,2
b. Innstæðubréf	4.501,2	1.001,2	1.201,0	-3.300,2	199,8
c. Aðrar kröfur	0,0	6.983,5	7.006,0	7.006,0	22,5
Aðrar fjármálastofnanir:	33,2	33,2	33,5	0,3	0,3
a. Innstæður	33,2	33,2	33,5	0,3	0,3
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	22.900,7	30.693,1	29.671,3	6.770,7	-1.021,8
a. Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	9.689,1	17.530,7	16.484,2	6.795,1	-1.046,5
b. Ríkisstofnanir	1.207,6	1.128,5	1.120,3	-87,3	-8,3
c. Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	487,1	471,0	458,0	-29,1	-13,0
d. Bundið innlán	11.516,9	11.562,9	11.608,9	92,0	46,0
Aðrar skuldir	597,5	546,3	724,3	126,9	178,0
Gengishagnaður/-tap ársins	-1.934,8	-1.405,7	-1.092,2	-1.092,2	313,6
Hagnaður ársins, án gengishagn./-taps - áætlað	1.898,0	-139,2	251,0	251,0	390,2
Stofnfé og annað eigið fé	40.217,1	40.217,1	40.217,1	0,0	0,0

Liðir til skýringar

Gjaldeyrisforði (erlendar eignir a.-e.)	58.108,2	56.405,7	57.266,8	-841,4	861,1
Gjaldeyrisstaða nettó	57.984,6	56.290,4	57.150,7	-833,9	860,3
Kröfur á ríki og ríkisstofnanir nettó	-22.185,2	-29.975,9	-28.951,5	-6.766,4	1.024,4
Kröfur á aðra brúttó	28.317,4	46.881,3	44.525,7	12.828,3	-5.144,4
Grunnfé	21.700,4	32.412,8	31.062,5	9.362,2	-1.350,2